

Þriðjudaginn 27. ágúst 1996.

Nr. 315/1996.

Arngrímur Jónsson

(Magnús Guðlaugsson hrl.)

gegn

Landsvirkjun

(Hreinn Loftsson hrl.)

Kærumál. Félagsdómur. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 3. júlí 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 16. ágúst sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. júní 1996, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila var vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurði héraðsdómara verði hrundið og lagt fyrir hann að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst aðallega staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar, en til vara, að málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falli niður.

Í málinu leitar sóknaraðili dóms um launakröfu, sem hann reisir á kjarasamningi Vélstjórafélags Íslands og varnaraðila frá 24. ágúst 1988 með síðari breytingum svo og á kjarasamningi sama félags við Áburðarverksmiðjuna hf., sem vísað er til um ákveðin atriði í fyrrnefnda samningnum. Héraðsdómi er rétt að meta öll atriði, sem varða þessa launakröfu, og skýra að því leyti ákvæði umræddra kjarasamninga. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðila verður gert að greiða sóknaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og lagt fyrir héraðs-dómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðili, Landsvirkjun, greiði sóknaraðila, Arngrími Jónssyni, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. júní 1996.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar vegna frávísunarkröfu stefnda 13. þ. m., var höfðað með stefnu, birtri 16. október 1995.

Stefnandi er Arngrímur Jónsson, kt. 240245-2809, Írafossi, Grímsnes-hreppi, Árnessýslu.

Stefndi er Landsvirkjun, kt. 420289-1299, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 812.355 kr. ásamt nánar tilgreindum dráttarvöxtum og málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi með inniföld-um áhrifum 24,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda eru aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að öllum kröfum stefnanda verði hafnað.

Þess er krafist, að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi. Jafnframt er þess krafist, að dæmdur málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá og með 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags.

Af hálfu stefnanda er þess krafist, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og stefnanda dæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins og að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til virðisaukaskattsskyldu.

Frávísunarkrafa stefnda er hér til úrskurðar.

Niðurstaða.

Aðalúrlausnarefni máls þessa er ágreiningur um skilning og túlkun á kjarasamningi Vélstjórafélags Íslands og Landsvirkjunar, upphaflega frá 24. ágúst 1988, með síðari breytingum, síðast 29. júní 1995. Við úrlausn þessa ágreinings ber að líta til breytinga á umsömdum launum vaktstjóra hjá Áburðarverksmiðjunni hf., samanber gr. 12.4 í kjarasamningi Vélstjórafé-lags Íslands og stefnda.

Telja verður, að það falli undir verksvið Félagsdóms að veita efnisúrlausn um slíkan ágreining, sbr. 2. tl. 44. gr. og 47. gr. laga nr. 80/1938, að uppfyllt-um ákvæðum 45. gr. sömu laga. Ber því að taka frávísunarkröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
